

Nd.

913. Nefndarálit

[279. mál]

um frv. til l. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarp þetta á mörgum fundum. Til fundar við nefndina hafa mætt fulltrúar frá verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Íslenska járnblendifélaginu, Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Orkustefnunefnd, Náttúruverndarráði. Þá hafa nefndinni borist greinargerðir og umsagnir frá Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, breska fyrirtækinu Resources Development Group, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eskifjarðarkaupstað, Reyðarfjarðarhreppi, Framkvæmdastofnun, Vinnueftirliti ríkisins, Félagi íslenskra iðnrekenda og fleiri aðilum.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Magnús H. Magnússon skilar séráliti. Birgir Ísl. Gunnarsson og Sigurlaug Bjarnadóttir áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 4. maí 1982.

Skúli Alexandersson,
form., frsm.

Páll Pétursson.

Haraldur Ólafsson.

Pálmi Jónsson.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sigurlaug Bjarnadóttir.